

Tryggingarskilmálar (UPR 7201/06) fyrir slysatryggingu með tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu

Eftirfarandi skilmálar eru bein þýðing frumtextans sem er á þýsku. Þýðandi er Veturliði Guðnason, löggiltur skjalaþýðandi í þýsku.

Slysatrygging hjá okkur með tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu veitir þér tvöfalda tryggingu með einum samningi:

Í viðbót við tryggingarvernd við slys (slysatryggingu) ávinnur þú þér með iðgjöldum þínum endurgreiðslukröfu við lifun eða við fráfall (iðgjaldsendurgreiðsla). Iðgjaldsendurgreiðslan greiðist við lifun sem lífeyrisgreiðslur (lífeyris-trygging) eða við fráfall sem eingreiðsla. Í stað lífeyrisgreiðslu getur þú líka krafist eingreiðslu (höfuðstólsvalréttur). Endurgreiðslukröfuna ábyrgjumst við óháð því hvort þú hefur fengið bætur úr slysatryggingunni.

Samningstíminn skiptist í tvö skeið þar sem boðið er upp á mismunandi greiðslur:

- Sparnaðarskeið nefnum við tímann frá upphafi samningstímans til umsaminnar lífeyrisgreiðslubyrjunar.
- Endurgreiðsluskeið nefnum við tímann eftir umsamda lífeyrisgreiðslubyrjun.

Þú sem tryggingartaki ert viðsejandi okkar.

Hinn tryggði getur verið þú eða einhver annar.

Við sem tryggjendur látum í té umsamdar greiðslur.

Almennir skilmálar fyrir slysatryggingu með tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu hjá Allianz-félögunum (Allianz AB UPR 2000)

U 7201/06

Efnisyfirlit

Tryggingarumfang í slysatryggingu

- 1 Hvað er tryggt í slysatryggingu?*
- 2 Hvaða tegundir bóta er hægt að semja um í slysatryggingu?*
 - 2.1 Örorkubætur*
 - 2.2 Slysalífeyrisgreiðslur (Unfallrente)*
 - 2.3 Biðtímabætur*
 - 2.4 Dagpeningar*
 - 2.5 Sjúkrahúsdagpeningar*
 - 2.6 Dánarbætur*
- 3 Hvaða áhrif hafa sjúkdómar eða kvillar í slysatryggingu?*
- 4 Hvaða einstaklingar eru ekki tryggingarhæfir í slysatryggingu?*
- 5 Í hvaða tilfellum er tryggingarvernd útilokuð í slysatryggingu?*
- 6 Hvers þarft þú að gæta í slysatryggingu þegar breytt er um starf eða iðju?*

Bótamál í slysatryggingu

- 7 Hvers ber að gæta eftir slys og á lífeyrisgreiðslutímabilinu (skyldur)?*
- 8 Hvaða afleiðingar hefur það að uppfylla ekki skyldur?*
- 9 Hvenær falla greiðslur í slysatryggingu í gjalddaga?*

Tryggingarumfang í iðgjaldsendurgreiðslu

- 10 *Hvað er tryggt í iðgjaldsendurgreiðslu?*
- 11 *Hvaða hagnaðarhlutdeildar getur þú vænst til viðbótar?*
- 12 *(fellur burt)*
- 13 *Hvenær og hvernig verður tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu breytt í iðgjaldsfría tryggingu?*
- 14 *Hvenær og í hvaða hæð getur þú krafist endurkaupsvirðis úr tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu?*

Útborganir úr iðgjaldsendurgreiðslunni

- 15 *Hver fær útborgunina úr iðgjaldsendurgreiðslunni?*
- 16 *Hvaða merkingu hefur tryggingarskírteinið og hvers ber annars að gæta við útborgun úr iðgjaldsendurgreiðslunni?*

Samningstíminn

- 17 *Fyrir hve langan tíma gildir samningurinn?*
- 18 *Hvenær hefst tryggingarverndin?*
- 19 *Hvenær lýkur tryggingarsamningstímanum?*
- 20 *Hvenær lýkur slysatryggingunni?*
- 21 *Hvenær er hægt að segja upp slysatryggingunni eftir tryggingamál?*
- 22 *Hvað gerist ef slysatryggingunni er sagt upp fyrir lok samningstímans?*
- 23 *Hvað gerist í hernaði?*

Tryggingariðgjald

- 24 *Hvers þarft þú að gæta við iðgjaldsgreiðslu?
Hvað gerist ef þú greiðir ekki iðgjald á réttum tíma?
Hvernig og með hvaða skilyrðum er hægt að ákvarða iðgjaldið að nýju?*

Önnur ákvæði

- 25 *Hvernig er tekið tillit til samningsgerðarkostnaðar við samning þinn?*
- 26 *Hvernig er réttarstaða samningsaðila innbyrðis?*
- 27 *Hvað merkir tilkynningaskylda fyrir samningsgerð?*
- 28 *Hvernig geturðu forðast að kröfur í slysatryggingunni tapist?*
- 29 *Hvenær fyrnast kröfur samkvæmt samningnum?*
- 30 *Hvaða dómstóll hefur lögsögu?*
- 31 *Hvers ber að gæta við tilkynningar til okkar?
Hvað gildir um breytingar á pósthfangi þínu?*
- 32 *Hvaða lög gilda?*
- 33 *Yfir hvaða greiðslur nær tímareikningur þinn við atvinnuleysi eða óvinnufærni?*
- 34 *Hvaða sérstakar reglur gilda um tilteknar gjaldskrár?*
- 35 *Hvernig og á hvaða forsendum er hægt að aðlaga skilmála?*

Tryggingarumfang í slysatryggingu

1. Hvað er tryggt í slysatryggingu?

- 1.1 Við bjóðum tryggingarvernd við slys sem hinn tryggði verður fyrir meðan slysatryggingin er í gildi.
- 1.2 Tryggingarverndin nær til slysa hvar sem er í heiminum.
- 1.3 Það telst slys ef hinn tryggði býður óviljandi heilsutjón vegna skyndilegs atburðar (slysatilvik) sem verkar utan frá á líkama hans.
- 1.4 Það telst einnig slys ef aukin áreynsla á útlimi eða hrygg veldur því að
 - liðir snúast eða fara úr liði
 - vöðvar, sinar, liðbönd eða belgir toga eða rifna.
- 1.5 Við bendum á reglur um takmörkun bóta (töluliður 3), einstaklinga sem eru ekki tryggingarhæfir (töluliður 4) og útilokun (töluliður 5); þær gilda um allar tegundir bóta.

2. Hvaða tegundir bóta er hægt að semja um í slysatryggingu?

Fyrir sparnaðarskeiðið getur þú samið við okkur um tegundir bóta. Þeim er lýst í eftirfarandi skilmálum eða viðbótarskilmálum.

Á endurgreiðsluskeiðinu eru greiddar viðbótarbætur úr iðgjaldsendurgreiðslunni við alvarleg slys ef um örorku eða fráfall er að ræða. Greiðslunum og skilyrðunum fyrir þeim er lýst í tölulið 10.6.

Bótategundirnar, sem þú hefur samið um við okkur, og tryggingarupphæðirnar koma fram í samningnum.

- 2.1 Örorkubætur.
 - 2.1.1 Forsendur fyrir tryggingargreiðslu:
 - 2.1.1.1 Andleg eða líkamleg hæfni hins tryggða skerðist varanlega vegna slyssins (örorka).

Örorkan er

 - komin fram innan eins árs eftir slysið og
 - hefur verið skriflega staðfest af lækni og þú hefur haldið henni fram við okkur innan 15 mánaða eftir slysið.
 - 2.1.1.2 Ekkert tilkall er til örorkubóta ef hinn tryggði fellur frá vegna slyssins innan eins árs eftir slysið.
 - 2.1.2 Tegund og hæð tryggingargreiðslu:
 - 2.1.2.1 Við greiðum örorkubæturnar sem höfuðstólsupphæð.
 - 2.1.2.2 Útreikningur bóta byggist á tryggingarupphæð og örorkustigi vegna slyssins.
 - 2.1.2.2.1 Við missi eða algjöra óstarfhæfni eftirtalinna líkamshluta og skynfæra gilda einungis eftirfarandi örorkustig:

Handleggur fyrir ofan olnboga	65%
Handleggur fyrir neðan olnboga	60%
Hönd	55%
Þumalfingur	20%
Vísifingur	10%
Annar fingur	5%
Fótleggur ofan við mitt læri	70%
Fótleggur að miðju læri	60%
Fótleggur fyrir neðan hné	50%
Fótleggur að miðjum kálfa	45%
Fótur	40%
Stóratá	5%
Önnur tá	2%
Auga	50%
Heyrn á öðru eyra	30%
Lyktarskyn	10%
Bragðskyn	5%

Við missi að hluta eða skerta starfshæfni að hluta gildir samsvarandi prósentustig.

- 2.1.2.2.2 Fyrir aðra líkamshluta og skynfæri er örorkustig mælt eftir því að hve miklu leyti eðlileg líkamleg eða andleg hæfni er skert í heild. Við það ber eingöngu að taka tillit til læknisfræðilegra sjónarmiða.
- 2.1.2.2.3 Ef viðkomandi líkamshlutar eða skynfæri eða starfshæfni þeirra var þegar varanlega skert fyrir slysið lækkar örorkustigið um fyrri örorku. Hana ber að mæla samkvæmt tölulið 2.1.2.2.1 og tölulið 2.1.2.2.2.
- 2.1.2.2.4 Hafi fleiri en einn líkamshluti eða skynfæri orðið fyrir tjóni við slysið eru örorkustigin sem reiknuð eru samkvæmt undanfarandi ákvæðum lögð saman. Ekki er þó tekið tillit til meira en 100%.
- 2.1.2.3 Leiði slys samkvæmt þessum ákvæðum og samkvæmt tölulið 3 til örorku hins tryggða sem nemur minnst
- 70% fyrir lok 25. aldursárs
- 80% fyrir lok 50. aldursárs
- 90% eftir lok 50. aldursárs
greiðum við fimmfaldar örorkubætur. Miða skal við aldur hins tryggða þegar slysið verður.
- 2.1.2.4 Viðbótargreiðslan takmarkast fyrir hvern hinn tryggða við 1.000.000 EUR. Ef í gildi eru aðrar tryggingar fyrir hinn tryggða með fimmföldum eða fjórföldum örorkubótum hjá Allianz tryggingarfélaginu hf, Bayerische Versicherungsbank AG, Frankfurter Versicherungs-AG þá gildir hámarksupphæðin fyrir allar tryggingar samanlagt.
- 2.1.2.5 Falli hinn tryggði frá
- af orsök sem tengist ekki slysinu innan árs eftir slysið eða
- af hvaða orsök sem er seinna en einu ári eftir slysið
og hafi krafa um örorkubætur orðið til greiðum við samkvæmt því örorkustigi sem hefði mátt búast við á grundvelli læknaskýrslna.
- 2.2. Slysalfeyrisgreiðslur (Unfallrente)
- 2.2.1 Forsendur fyrir tryggingargreiðslu:
- 2.2.1.1 Andleg eða líkamleg hæfni hins tryggða er varanlega skert vegna slyssins (örorka).
Örorkan er
- komin fram innan eins árs eftir slysið og

- hefur verið skriflega staðfest af lækni og þú hefur haldið henni fram við okkur innan 15 mánaða eftir slysið.

- 2.2.1.2 Örorkestigið nemur að minnsta kosti
- 50% við slys fyrir lok 60. aldursárs
- 70% við slys eftir lok 60. aldursárs
án örorku sem var til staðar fyrir slysið samkvæmt 2.1.2.2.3 og án áhrifa sjúkdóma eða kvilla samkvæmt tölulið 3.
- 2.2.1.3 Örorkestig vegna slyss er mælt samkvæmt ákvæðum töluliða 2.1.2.2.1 til 2.1.2.2.4.
- 2.2.1.4 Ekkert tilkall er til slysalífeyrisgreiðslna ef hinn tryggði fellur frá vegna slyssins innan eins árs eftir slysið.
- 2.2.1.5 Falli hinn tryggði frá
- af orsök sem tengist ekki slysinu innan árs eftir slysið eða
- af hvaða orsök sem er seinna en einu ári eftir slysið
og hafi forsendur samkvæmt tölulið 2.2.1.1 verið uppfylltar greiðum við að því tilskildu að á grundvelli læknaskýrslna hefði mátt búast við örorkustigi sem næmi að minnsta kosti 50% eða 70%. Um mælingu örorkustigs gilda töluliðir 2.2.1.2 og 2.2.1.3 eftir því sem við á.
- 2.2.2 Tegund og hæð tryggingargreiðslu:

Við greiðum slysalífeyrisgreiðslur óháð aldri hins tryggða í þeirri hæð sem umsamið var (tryggingarupphæð).
- 2.2.3 Byrjun og tímalengd.
- 2.2.3.1 Við greiðum slysalífeyrisgreiðslur
- afturvirkir frá byrjun mánaðarins þegar slysið varð,
- mánaðarlega fyrir fram.
- 2.2.3.2 Við greiðum slysalífeyrisgreiðslur til loka sjötta mánaðar eftir fráfall hins tryggða.

Slysalífeyrisgreiðslum lýkur ennfremur í lok þess mánaðar þegar ný mæling samkvæmt tölulið 9.4 hefur leitt í ljós að örorkustig vegna slyssins hefur lækkað niður fyrir 50% eða 70%.
- 2.2.4 Hlutdeild í hagnaði meðan bótagreiðslur standa yfir.
- 2.2.4.1 Uppruni hagnaðarhlutdeildar.

Til að tryggja bótagreiðslur reiknum við með 4% ávöxtun. Ef raunverulegar fjármagnstekjur verða hærrí en þessi útreiknaða ávöxtun njóta bótaþegar gróðans sem af því hlýst í formi hagnaðarhlutdeildar.
- 2.2.4.2 Fyrirkomulag hagnaðarhlutdeildar.

Hagnaðarhlutdeild fer þannig fram að yfirstandandi bótakrafa er hækkuð. Hækkuð bótakrafa er tryggð í áunninni hæð.

Hækkun fer í fyrsta lagi þá fram þegar bætur hafa verið þegar í minnst eitt ár.
- 2.2.4.3 Hæð hagnaðarhlutdeildar.

Við könnum árlega hvort hagnaðurinn sem varð á reikningsárinu og fé í varasjóði til iðgjaldsendurgreiðslu réttlæta hækkun yfirstandandi bótakrafna.

Eftir tillögu tryggingafræðings tekur stjórn okkar árlega ákvörðun um hvort og í hvaða hæð yfirstandandi bótakröfur eru hækkaðar og birtir hana í ársskýrslu fyrirtækisins.

Ef til hækunar kemur greiðum við hækkaðar bætur frá 1. janúar viðskiptaársins eftir könnunina. Við tilkynnum þér um hækkaða bótakröfu.

2.2.4.4. Tekjur.

Við notum minnst 70% vaxtatekna af varasjóðum – að frádregnum þeim hluta sem miðað við útreiknaða ávöxtun þarf til þegar viðurkenndra bótagreiðslna – til hagnaðarhlutdeildar bótaþega.

Vaxtatekjurnar sem notaðar eru til hagnaðarhlutdeildar bótaþega leggjum við í varasjóð fyrir iðgjaldsendurgreiðslu eða færum þær einstökum bótaþegum til tekna sem hækkaðar bótakröfur. Féð sem lagt er í varasjóð fyrir iðgjaldsendurgreiðslu má yfirleitt eingöngu nota til hagnaðarhlutdeildar bótaþega.

2.3 Biðtímabætur.

2.3.1 Forsendur fyrir tryggingargreiðslu:

Eðlileg líkamleg eða andleg hæfni hins tryggða er skert á atvinnusviði eða utan þess vegna slyssins án áhrifa sjúkdóma eða kvilla
- eftir þrjá mánuði talið frá slysdegi um 100% (fyrsta stig) eða
- eftir sex mánuði talið frá slysdegi um minnst 50% (annað stig).

2.3.1.1 Þessi skerðing hefur staðið yfir óslitið innan tilgreindra tímamarka.

2.3.1.2 Þú hefur krafist biðtímabótanna af okkur og lagt fram læknisvottorð á fyrsta stigi í síðasta lagi fjórum mánuðum eftir að slysið varð og á öðru stigi í síðasta lagi sjö mánuðum eftir að slysið varð.

2.3.2 Tegund og hæð tryggingargreiðslu:

Biðtímabætur fyrsta stigs eru greiddar jafnháar og nemur helmingi tryggingarupphæðarinnar, biðtímabætur annars stigs eru greiddar jafnháar og nemur fullri umsaminni tryggingarupphæð. Greiðslu fyrir fyrsta stig teljum við með.

2.4 Dagpeningar.

2.4.1 Forsendur fyrir tryggingargreiðslu:

Vegna slyssins hefur hinn tryggði
- skerta hæfni til vinnu og
- er í læknismeðferð.

2.4.2 Hæð og tímalengd greiðslu:

Dagpeningar eru reiknaðir samkvæmt umsaminni tryggingarupphæð. Þeim er skipt í flokka eftir staðfestu skerðingarstigi við vinnu eða iðju.

Dagpeningar eru greiddir meðan læknismeðferð stendur yfir, lengst í eitt ár, talið frá slysdegi.

2.5 Sjúkrahúsdagpeningar.

2.5.1 Forsendur fyrir tryggingargreiðslu:

Vegna slyssins er hinn tryggði í læknisfræðilega nauðsynlegri lækningameðferð á sjúkrahúsi.

Heilsubótardvöl (kúrar) svo og dvöl á heilsuhælum og hressingarheimilum telst ekki læknisfræðilega nauðsynleg lækningameðferð.

2.5.2 Hæð og tímalengd greiðslu:

Sjúkrahúsdagpeningar eru greiddir jafnháir og umsamin tryggingarupphæð fyrir hvern almanaksdag sjúkrahúsmeðferðarinnar, lengst þó í þrjú ár, talið frá slysdegi.

2.6 Dánarbætur.

2.6.1 Forsendur fyrir tryggingargreiðslu:

Hinn tryggði hefur fallið frá af völdum slyssins innan eins árs.

Við bendum á sérstakar skyldur samkvæmt tölulið 7.5.

2.6.2 Hæð tryggingargreiðslu:

Dánarbætur eru greiddar jafnháar og umsamin tryggingarupphæð.

3 **Hvaða áhrif hafa sjúkdómar eða kvillar í slysaftryggingu?**

Sem slysaftryggjendur greiðum við bætur fyrir afleiðingar slyss. Ef sjúkdómar eða kvillar hafa haft áhrif á heilsubrestinn vegna slyssins eða afleiðingar hans

- lækkar prósentustig örorkustigsins ef um örorku er að ræða
- lækka bæturnar í samræmi við hluta sjúkdómsins eða kvillans ef um dánarbætur er að ræða og í öllum öðrum tilfellum ef ekki er samið um annað.

Nemi áhrifaþátturinn minna en 25% kemur þó ekki til lækkunar.

4 **Hvaða einstaklingar eru ekki tryggingarhæfir í slysaftryggingu?**

4.1 Þeir sem þurfa varanlega mikla eða mjög mikla umönnun í skilningi almannaaftrygginga svo og geðsjúklingar eru ekki tryggingarhæfir og eru ótryggðir þótt iðgjald sé greitt.

4.2 Tryggingarverndin fellur niður jafnskjótt og hinn tryggði er ekki lengur tryggingarhæfur samkvæmt tölulið 4.1. Jafnframt lýkur tryggingunni fyrir hann. Um iðgjaldsendurgreiðsluna gildir töluliður 13.

4.3 Iðgjald sem greitt hefur verið fyrir ótryggingarhæfa einstaklinga eftir að tryggingarvanhæfni kom upp greiðum við til baka.

5 **Í hvaða tilfellum er tryggingarvernd útilokuð í slysaftryggingu?**

5.1 Fyrir eftirtalin slys gildir engin tryggingarvernd:

5.1.1 Slys sem hinn tryggði verður fyrir vegna geð- eða vitundartruflana, einnig ef þær verða vegna ölvunar, svo og vegna slags (heilablóðfalls, hjartaslags), flogaveikikasta eða annarra krampakasta sem grípa allan líkama hins tryggða.

Tryggingarverndin gildir þó ef þessar truflanir eða köst urðu af völdum slystilviks sem fellur undir þennan samning.

5.1.2 Slys sem hinn tryggði verður fyrir vegna þess að hann fremur afbrot af ráðnum hug eða reynir það.

- 5.1.3 Slyss sem verða beint eða óbeint af völdum stríðs- eða borgarastríðsatvika.
- Tryggingarverndin gildir þó ef hinn tryggði verður óvænt fyrir barðinu á stríðs- eða borgarastríðsatvikum á ferðalagi erlendis.
- Þessi tryggingarvernd fellur niður á við lok sjöunda dags frá byrjun stríðs eða borgarastríðs á landsvæði ríkisins þar sem hinn tryggði dvelur.
- Framlengingin gildir ekki um ferðir til eða um ríki þar sem þegar geisar stríð eða borgarastríð. Hún gildir heldur ekki fyrir virka þátttöku í stríði eða borgarastríði og ekki um slyss af völdum kjarna- sýkla- eða efnavopna né í tengslum við stríð eða ófriðarástand milli Bandaríkjanna, Frakklands, Japans, Kína, Rússlands, Stóra-Bretlands eða Þýskalands.
- 5.1.4 Slyss sem hinn tryggði verður fyrir
- sem stjórnandi loftfars (einnig flugþróttatækis) ef hann þarf til þess leyfi samkvæmt þýskum lögum og einnig sem annar í áhöfn loftfars;
 - við starf sem vinna þarf með hjálp loftfars;
 - við notkun geimfara.
- 5.1.5 Slyss sem hinn tryggði verður fyrir við það að hann, sem bílstjóri eða aðstoðarökumaður eða farþegi í vélknúnu farartæki, tekur þátt í akstursviðburði að meðtöldum tilheyrandi æfingaakstri þar sem máli skiptir að ná hámarkshraða.
- 5.1.6 Slyss sem stafa beinlínis eða óbeinlínis af kjarnorku.
- 5.2 Þar að auki eru eftirfarandi tjon útilokuð:
- 5.2.1 Brjós-klos, svo og innvortis blæðingar og heilablæðingar. Tryggingarverndin gildir þó ef aðalorsökin er slystilvik sem fellur undir þennan samning samkvæmt tölulið 1.3.
- 5.2.2 Heilsutjón vegna geislunar.
- 5.2.3 Heilsutjón vegna lækningaráðstafana, svo og vegna aðgerða á líkama hins tryggða, óháð tilgangi þeirra.
- Tryggingarverndin gildir þó ef lækningaráðstafanirnar eða aðgerðirnar eru gerðar vegna slyss sem fellur undir þennan samning.
- 5.2.4 Sýkingar.
- 5.2.4.1 Þær eru einnig þá útilokaðar ef þær stafa af
- skordýrastungum eða -biti eða
 - öðrum minni háttar húð- eða slímhúðarsárum sem sýklar bárust inn í líkamann þegar í stað eða seinna.
- 5.2.4.2 Tryggingarverndin gildir þó fyrir
- hundaæði og stífkrampa og einnig fyrir
 - sýkingar þar sem sýklarnir bárust inn í líkamann um sár eftir slyss sem ekki eru útilokuð samkvæmt tölulið 5.2.4.1.
- 5.2.4.3 Um sýkingar sem stafa af lækningaráðstöfunum eða aðgerðum gildir töluliður 5.2.3, önnur málsgrein, eftir því sem við á.
- 5.2.5 Eitranir vegna inntöku fastra eða fljótandi efna gegnum kokið.
- 5.2.6 Sjúklegar truflanir vegna sálrænna viðbragða, einnig þótt þau séu af völdum slyss.
- 5.2.7 Maga- eða kviðslytt.

Tryggingarverndin gildir þó ef þau verða við harkaleg utanaðkomandi áhrif sem falla undir þennan samning.

6 Hvers þarft þú að gæta í slysstryggingu þegar breytt er um starf eða iðju?

- 6.1 Breytingu á starfi eða iðju hins tryggða (herskylduþjónusta, borgaraleg þjónusta eða hernaðarlegar varaliðsæfingar teljast ekki til þess) verður þú að tilkynna okkur tafarlaust því hæð tryggingarupphæðanna og/eða iðgjaldsins er ótvírætt háð þessum aðstæðum.
- 6.2 Reiknist lægri tryggingarupphæðir með sömu iðgjöldum eftir að breytingin varð gilda þær þegar tveir mánuðir eru liðnir frá breytingunni. Reiknist hins vegar hærri tryggingarupphæðir gilda þær þegar einn mánuður er liðinn frá breytingunni.

Endurútreiknuðu tryggingarupphæðirnar gilda bæði fyrir vinnuslys og slys utan vinnu.

Bótamál í slysstryggingu

7 Hvers ber að gæta eftir slys og á lífeyrisgreiðslutímabilinu (skyldur)?

Án þátttöku þinnar og hins tryggða getum við ekki greitt bætur.

- 7.1 Eftir slys, sem vænta má að valdi bótaskyldu, verður þú eða hinn tryggði tafarlaust að kalla til lækni, fylgja fyrirmælum hans og láta okkur vita.
- 7.2. Slysatilkyninguna, sem við sendum, verður þú eða hinn tryggði að fylla út sannleikanum samkvæmt og senda okkur til baka tafarlaust; frekari upplýsingar varðandi málið, sem við biðjum um, verður að veita á sama hátt.
- 7.3 Ef við kveðjum til lækna verður hinn tryggði einnig að láta þá skoða sig. Við berum nauðsynlegan kostnað, að meðtöldu tekjutapi sem af því hlýst.
- 7.4 Gefa ber læknum sem hafa annast eða skoðað hinn tryggða – einnig af öðrum ástæðum – öðrum tryggjendum, vátryggjendum og yfirvöldum umboð til að veita allar nauðsynlegar upplýsingar.
- 7.5 Leiði slysið til dauða ber að tilkynna okkur það innan 48 klukkustunda, einnig þótt okkur hafi þegar verið tilkynnt um slysið.

Veita ber okkur rétt til þess að láta lækni í umboði okkar framkvæma krufningu ef þurfa þykir.

- 7.6 Ef hinn tryggði andast á lífeyrisgreiðslutímabilinu verður að tilkynna það án tafar til okkar.

8 Hvaða afleiðingar hefur það að uppfylla ekki skyldur?

Ef skylda, sem uppfylla ber eftir að slys hefur orðið, er vanrækt missir þú tryggingarverndina, nema þú hafir hvorki vanrækt skylduna af ráðnum hug né af vítaverðu gáleysi.

Við vanrækslu af vítaverðu gáleysi heldur þú tryggingarverndinni að svo miklu leyti sem vanrækslan hefur hvorki haft áhrif á viðurkenningu bótamálsins né á ákvörðun bótaupphæðar.

Við vanrækslu af ráðnum hug heldur þú tryggingarverndinni í þessum tilfellum að svo miklu leyti aðeins ef vanrækslan var ekki til þess fallin að skaða hagsmuni okkar alvarlega eða ef sök þín er ekki mikil.

- 9 Hvenær falla greiðslur í slysatryggingu í gjalddaga?**
- 9.1 Okkur er skylt að lýsa yfir því innan eins mánaðar – við kröfu um örorkubætur og slysalífeyrisgreiðslur (Unfallrente) innan þriggja mánaða – hvort og í hvaða hæð við viðurkennum kröfu. Frestirnir byrja þegar okkur berast eftirfarandi gögn:
- sönnun um atvik slyssins og afleiðingar þess,
 - við örorkubótakröfur og slysalífeyrisgreiðslur (Unfallrente) auk þess sönnun um lok lækningameðferðar að svo miklu leyti sem þess þarf til að mæla örorku.
- Lækniskostnað, sem þú þarft að greiða til að rökstyðja bótakröfuna, yfirtökum við
- við örorku upp að 1 prómilli tryggingarupphæðarinnar,
 - við slysalífeyrisgreiðslur (Unfallrente) upp að 10% mánaðarlífeyris,
 - við biðtímabætur upp að 1 prósentu tryggingarupphæðarinnar,
 - við dagpeninga og sjúkrahúsdagpeninga upp að einu daggjaldi.
- 9.2 Ef við viðurkennum kröfuna eða höfum orðið ásáttir við þig um ástæðu og upphæð greiðum við innan tveggja vikna.
- 9.3 Hafi aðeins ástæða bótaskyldunnar verið ákveðin greiðum við, ef þú óskar þess, hæfilega fyrirframgreiðslu inn á örorkubótageiðsluna, en ekki fyrir slysalífeyrisgreiðslu (Unfallrente).
Fyrir lok lækningameðferðar er aðeins hægt að krefjast örorkubóta innan eins árs eftir slysið sem nema allt að hæð dánarbóta.
- 9.4 Þú og við höfum rétt til þess að láta mæla örorkuna læknisfræðilega á ný árlega, í síðasta lagi allt að þremur árum eftir slysið.
Þennan rétt
- verðum við að nýta ásamt yfirlýsingu okkar um greiðsluskyldu okkar samkvæmt tölulíð 9.1,
 - verður þú að nýta í síðasta lagi innan þriggja mánaða fyrir lok frestsins.
- Leiði endanleg mæling af sér hærri örorkubætur en við höfum þegar greitt ber að greiða 5% vexti á ári af mismuninum.

Tryggingarumfang í iðgjaldsendurgreiðslu

- 10 Hvað er tryggt í iðgjaldsendurgreiðslu?**
- 10.1. Iðgjaldsgreiðsla og tryggð iðgjaldsendurgreiðsla
- 10.1.1 Iðgjaldsgreiðsla
- Lengd iðgjaldsgreiðslutímans er ákveðin með samningi. Hægt er að ákveða að á þessum tíma verði iðgjöldin greidd jafnóðum eða í einu lagi fyrir meira en eitt tryggingarár (eingreiðsla).
- 10.1.2 Greiðsla með eingreiðslu
- Úr eingreiðslunni er mynduð tafarlaus inneign.
- 10.1.2.1 Tafarlaus inneign
- Af tafarlausu inneigninni er árlega tekin hlutaupphæð til að hækka endurgreiðslukröfuna. Ónotuð tafarlaus inneign er ávöxtuð árlega með tryggðri vaxtaþrósentu. Vextirnir sem bætast við hækka ónotaða tafarlausu inneign.

- 10.1.2.2 Þróun endurgreiðslukröfunnar
- Þróun endurgreiðslukröfunnar samsvarar þróuninni sem verður við iðgjaldsgreiðslur jafnóðum.
- 10.1.2.3 Greidd iðgjöld
- Sem greidd iðgjöld í skilningi töluliðar 10.1.3 gilda iðgjöld sem koma til við iðgjaldsgreiðslu jafnóðum.
- 10.1.3 Tryggð iðgjaldsendurgreiðsla
- Á sparnaðarskeiðinu ávinnur þú þér úr hverju greiddu iðgjaldi endurgreiðslukröfu í bótamáli (sbr. tölulið 10.2). Tryggingarskattur og hlutagreiðsluálag tilheyra ekki endurgreiðslukröfunni. Endurgreiðslukrafan sem fæst er heildarupphæð áunninna krafna úr öllum greiddum iðgjöldum. Við tryggjum endurgreiðslukröfuna óháð því hvort þú hefur fengið bætur úr slysatryggingunni.
- 10.2 Tryggðir viðburðir
- Við tiltekna viðburði, sem snerta hinn iðgjaldsendurgreiðslutryggða, innum við af hendi greiðslur úr iðgjaldsendurgreiðslunni. Sem tryggðir viðburðir gilda lifun og fráfall og einnig alvarlegt slys á endurgreiðsluskeiðinu.
- 10.3 Hinn tryggði
- Sé annað ekki tekið beinlínis fram í tryggingarskírteininu er hinn iðgjaldsendurgreiðslutryggði sá sami og hinn tryggði í slysatryggingunni.
- 10.4 Greiðslur við lifun
- 10.4.1 Forsenda
- Hinn iðgjaldsendurgreiðslutryggði lifir umsamda lífeyrisgreiðslubyrjun og öll iðgjöld hafa þangað til verið greidd eins og umsamið var.
- 10.4.2 Greiðsla
- 10.4.2.1 Lífeyrisgreiðsla
- Frá umsaminni lífeyrisgreiðslubyrjun greiðum við umsaminn lífeyri. Við greiðum lífeyrinn mánaðarlega fyrir fram. Ef mánaðarlífeyririnn að meðtöldum hækkandi hagnaðarlífeyri (töluliður 11.2.4) er lægri en 50 EUR við lífeyrisgreiðslubyrjun greiðum við allar mánaðarlífeyrisgreiðslur ársins í einni upphæð á miðju tryggingarárinu.
- 10.4.2.2 Lok lífeyrisgreiðslu
- Lífeyrisgreiðslum lýkur við lok mánaðarins þegar hinn iðgjaldsendurgreiðslutryggði fellur frá. Við höfum rétt til þess að kanna forsendur fyrir lífeyrisgreiðslunni með því að krefjast lífsvottorðs. Ef vottorðið er ekki sent tafarlaust leggjast lífeyrisgreiðslur niður frá næsta gjalddaga.
- 10.4.2.3 Einstök höfuðstólsgreiðsla í stað lífeyrisgreiðslu
- Í stað ævilangs lífeyris getur þú einnig krafist þess að við greiðum þér hann út sem eingreiðslu (höfuðstólsvalréttur). Höfuðstólsvalréttinn verður þú að nýta með skriflegri tilkynningu til okkar í síðasta lagi þremur mánuðum en þó ekki fyrr en einu ári fyrir lífeyrisgreiðslubyrjun. Höfuðstólsgreiðslan samsvarar áunninni endurgreiðslukröfu.

- 10.4.2.4 Lífeyrisgreiðslum flýtt.
- Ef hinn iðgjaldsendurgreiðslutryggði er orðinn fullra 55 ára gamall og samningstíminn sem eftir er til umsaminnar lífeyrisgreiðslubyrjunar nemur í hæsta lagi 5 árum getur þú í lok hvers tryggingarárs krafist þess að byrjun lífeyrisgreiðslu verði flýtt. Lífeyririnn er þá lækkaður í hlutfalli við það samkvæmt reglum tryggingastærðfræðinnar. Við umsókn þína færð þú tilboð um hæð lífeyris sem er flýtt. Ef þú tekur því lýkur þá slysatryggingarvernd og iðgjaldagreiðslu eins og upphaflega var umsamið, í síðasta lagi við umsamda lífeyrisgreiðslubyrjun sem hefur verið flýtt.
- 10.5 Dánarbætur.
- 10.51 Forsenda.
- Hinn iðgjaldsendurgreiðslutryggði er fallinn frá.
- 10.5.2 Greiðsla.
- Við fráfall greiðum við áunna endurgreiðslukröfu. Á endurgreiðsluskeiðinu er umsaminn lífeyrir – sem þegar hefur verið greiddur – dreginn frá.
- 10.6 Bætur við alvarleg slys á endurgreiðsluskeiðinu
- Krafa um bætur við alvarleg slys á endurgreiðsluskeiðinu gildir ekki ef hinn iðgjaldsendurgreiðslutryggði er ekki lengur tryggingarhæfur samkvæmt tölulið 4.1
- Um það gilda ákvæðin um tryggingarumfang (töluliðir 1-5) og bótamál (töluliðir 7-9) í slysatryggingu, að svo miklu leyti sem þau snerta örorkubætur og dánarbætur.
- 10.6.1 (fellur burt)
- 10.6.2 Forsenda
- Hinn iðgjaldsendurgreiðslutryggði verður fyrir slysi eftir lífeyrisgreiðslubyrjun sem leiðir til örorkustigs sem nemur minnst 50% eða leiðir til fráfalls hins iðgjaldsendurgreiðslutryggða innan eins árs eftir slysið og öll iðgjöld hafa verið greidd eins og umsamið var.
- 10.6.3 Greiðslur
- 10.6.3.1 Örorka
- Við tvöföldum mánaðarlífeyririnn sem áunnist hafði síðast fyrir slysið úr iðgjaldsendurgreiðslunni. Við greiðum þennan lífeyri frá byrjun mánaðarins þegar slysið átti sér stað. Að auki greiðum við einstaka höfuðstólsgreiðslu sem nemur 50-földum mánaðarlífeyrinum sem síðast hafði áunnist úr iðgjaldsendurgreiðslunni.
- 10.6.3.2 Fráfall
- Til viðbótar við greiðsluna samkvæmt tölulið 10.5 greiðum við einstaka höfuðstólsgreiðslu sem nemur 12-faldri hæð mánaðarlífeyrisins sem áunnist hafði úr iðgjaldsendurgreiðslunni.
- 10.7 Upplýsingar um umsaminn lífeyri og endurgreiðslukröfu.
- Umsaminn lífeyri og endurgreiðslukröfu fyrir hvert iðgjaldsgreiðsluár tilgreinum við í umsókninni og tryggingarskírteininu. Nánari upplýsingar um hæð umsamins lífeyris og endurgreiðslukröfu getur þú fengið í yfirliti um greiðslur úr iðgjaldsendurgreiðslunni sem er í tryggingarskírteininu þínu.

- 11 Hvaða hagnaðarhlutdeildar getur þú vænst til viðbótar?**
- 11.1 Uppruni hagnaðarhlutdeildar
- Við útreikning iðgjalda og umsamins lífeyris byggjum við á tryggðri ávöxtun sem er varlega áætluð með tilliti til greiðslugetu. Raunverulegar fjármagnstekjur eru yfirleitt hærri en tryggð ávöxtun.. Tryggingartakar fá hluta af hagnaðinum sem af því hlýst í formi hagnaðarhlutdeildar.
- 11.2 Fyrirkomulag hagnaðarhlutdeildar
- 11.2.1 Hagnaðarsamband
- Allar tryggingar sem samið er um samkvæmt þessum skilmálum tilheyra hagnaðarsambandinu UPR 1994.
- 11.2.2 Hagnaðarhlutdeild á sparnaðarskeiðinu
- Á sparnaðarskeiðinu er hagnaðarhlutdeildin veitt gegnum bónuskröfur og réttindi til væntanlegs lokahagnaðarluta.
- 11.2.2.1 Bónuskröfur
- 11.2.2.1.1 Bónuskröfur úr endurgreiðslukröfu
- Bónuskröfurnar eru áunnar úr endurgreiðslukröfu. Þeim er úthlutað árlega og eru þá tryggðar í þeirri hæð. Þær eru aukalegar höfuðstólsgreiðslur sem falla í gjalddaga með endurgreiðslukröfu við fráfall eða við nýtingu höfuðstólsvalréttar. Úr þeim er greitt endurkaupsvirði eftir sömu meginreglum og endurgreiðslukröfu (töluliður 14).
- 11.2.2.1.2 Bónuskröfur úr tafarlausri inneign
- Bónuskröfurnar eru áunnar úr tafarlausri inneign. Þeim er úthlutað árlega og eru þá tryggðar í þeirri hæð. Þær falla í gjalddaga í einni upphæð þegar
- slysatryggingunni lýkur fyrir lok umsamins samningstíma (sbr. tölulið 17.2)
 - greiðslur úr iðgjaldsendurgreiðslu falla í gjalddaga.
- 11.2.2.2 Lokahagnaðarréttindi
- Réttindi til væntanlegs lokahagnaðar falla aðeins í gjalddaga við fráfall eða nýtingu höfuðstólsvalréttar og aðeins ef tryggingunni hefur á þeim tíma ekki verið sagt upp.
- 11.2.3 (fellur burt)
- 11.2.4 Hagnaðarhlutdeild endurgreiðsluskeiðsins
- Á endurgreiðsluskeiðinu er hagnaðarhlutdeild veitt gegnum aukalegan ævilangan lífeyri (hækkandi hagnaðarlífeyri).
- 11.2.4.1 Hækkandi hagnaðarlífeyrir
- Hækkandi hagnaðarlífeyrir samanstendur af stöðugum og hækkandi hluta.
- 11.2.4.1.1 Stöðugur hluti
- Stöðugi hlutinn er greiddur úr þeirri heildarupphæð sem áunnist hefur við lífeyrisgreiðslubyrjun úr bónuskröfum og lokahagnaðarréttindum. Eftir lífeyrisgreiðslubyrjun er hæð hans einnig tryggð.

- 11.2.4.1.2 Hækkandi hluti
- Hækkandi hlutinn er greiddur af þeim hagnaði sem náðst hefur á endurgreiðsluskeiðinu. Hækkun þessa hluta kemur þannig til að heildarlífeyririnn (umsaminn lífeyrir að viðbættum öllum hagnaðarlífeyri) er hækkaður árlega. Hækkandi hlutinn sjálfur og árlegar hækkanir er aðeins greiddar svo lengi og í þeirri hæð sem hagnaðarþróunin nægir til þess.
- 11.2.4.2 Hækkun heildarlífeyris
- Árleg hækkun heildarlífeyris fer fyrst fram einu ári eftir lífeyrisgreiðslubyrjun.
- 11.2.5 Valréttur til hækkaðra dánarbóta
- 11.2.5.1 Aukalegar dánarbætur
- Í viðbót við 11.2.4 getur þú krafist þess að við greiðum á endurgreiðsluskeiðinu við fráfalið hins iðgjaldsendurgreiðsluþryggða – að viðbætti greiðslunni sem tilgreind er í tölulið 10.5 – þá upphæð úr hagnaðarhlutdeildinni sem greidd hefði verið sem hagnaðarhlutdeild við nýtingu höfuðstólsvalréttar.
- 11.2.5.2 Frádráttur greidds lífeyris
- Í þessu tilfalli drögum við frá greiddan lífeyri í þeirri hæð sem hann er tryggður frá lífeyrisgreiðslubyrjun (umsaminn lífeyrir að viðbættum stöðugum hluta hækkandi hagnaðarlífeyris). Hækkandi hluti hækkandi hagnaðarlífeyris og lífeyrisgreiðslur sem byggjast á tvöföldun við slys samkvæmt tölulið 10.6.3.1 dragast ekki frá.
- 11.2.5.3 Nýting valréttar
- Ef þú velur þessar hækkuðu dánarbætur verður þú að nýta valréttinn í síðasta lagi þremur mánuðum en þó ekki fyrr en einu ári fyrir lífeyrisgreiðslubyrjun. Ef valdar eru hækkaðar dánarbætur verður þú að greiða eina einstaka upphæð aukalega eða við verðum að lækka heildarlífeyri þinn. Við gerum þér tilboð ef óskað er.
- 11.3 Hæð hagnaðarhlutdeildar.
- 11.3.1 Kröfuforsenda
- Krafa um hagnaðarhlutdeild kemur fyrst til þegar þú hefur greitt iðgjöld fyrir minnst tvö tryggingarár í þeirri hæð sem samið var um í upphafi.
- 11.3.2 Bónuskrafa á sparnaðarskeiðinu
- Bónuskrafan, sem bætist við árlega á sparnaðarskeiðinu, er reiknuð út með föstu prósentustigi af heildarupphæð endurgreiðslu- og bónuskröfu sem hefur áunnist við lok undanfarins tryggingarárs.
- 11.3.2.2 Bónuskrafa úr tafarlausri inneign
- Á samanlagða upphæð ónotaðrar tafarlausrar inneignar við upphaf yfirstandandi tryggingarárs og áunninnar endurgreiðslukröfu eru reiknaðir vextir með föstu prósentustigi. Vextirnir sem bætast við þessu ári eru dregnir frá samkvæmt tölulið 10.1.2.1. Útkoman er bónuskrafan sem bætist við á þessu ári.
- 11.3.3 Lokahagnaðarréttindi á sparnaðarskeiðinu
- Lokahagnaður sem bætist við á sparnaðarskeiðinu er reiknaður út með föstu prósentustigi á ári af áunninni heildarupphæð endurgreiðslu- og bónuskröfu.

- 11.3.4 (fellur burt)
- 11.3.5 Hækkandi hagnaðarlífeyrir á endurgreiðsluskeiðinu
- Hækkandi hagnaðarlífeyrir sem bætist við á endurgreiðsluskeiðinu er ákveðinn í samningi þínum með föstu prósentustigi af umsömdum lífeyri. Með þessu prósentustigi fæst hæð lífeyris við lífeyrisgreiðslubyrjun. Prósentustig verður einnig ákveðið fyrir seinni hækkanir heildarlífeyrisins.
- 11.3.6 Ákvörðun prósentustiga
- Stjórn okkar ákveður prósentustigin árlega að tillögu ábyrgs tryggingafræðings.
- 11.3.7 Upplýsingar um hagnaðarhlutdeild
- Við tilgreinum þróun hagnaðarhlutdeildar á grundvelli uppgefinna prósentustiga við samningsgerð svo og prósentustigin sjálf í tryggingarskírteininu. Gagnstætt endurgreiðslukröfu og umsömdum lífeyri getum við ekki ábyrgst þau þar sem þau eru háð hagnaðarþróun í framtíðinni. Ef prósentustigin fyrir samning þinn breytast frá þeim gildum sem tilgreind eru í tryggingarskírteininu tilkynnum við þér um breytt stig og gildi.
- 11.4 Fjárfesting / tekjur.
- 11.4.1 Fjárfestingar í baktryggingarvarasjóðnum UPR
- Trygging allra tryggingartæknilegra varasjóða sem nauðsynlegir eru fyrir iðgjaldsendurgreiðslu og hagnaðarhlutdeild fer fram með viðeigandi fjárfestingum. Þessar fjárfestingar eru teknar saman í baktryggingarvarasjóðinn UPR.
- 11.4.2 Tekjur baktryggingarvarasjóðsins
- Fjármagnstekjur sem skapast af fjárfestingum baktryggingarvarasjóðsins leggjum við í baktryggingarvarasjóðinn að frádregnum kostnaði við eignastýringuna.
- 11.4.3 Nýting tekna fyrir tryggingartaka
- 11.4.3.1 Ef notuð er önnur tryggð ávöxtun við iðgjaldaútreikning en við útreikning varasjóðsins þá gildir að svo miklu leyti fyrir hagnaðarhlutdeild tryggingartaka sá hluti baktryggingarvarasjóðsins sem myndast hefur á grundvelli tryggðrar ávöxtunar við iðgjaldaútreikninginn.
- 11.4.3.2 Baktryggingarvarasjóðurinn sem gildir fyrir hagnaðarhlutdeild á að fá þann hluta hagnaðar sem færður er til tekna sem samsvarar hluta hans af öllum baktryggingarvarasjóðnum. Af þessum tekjum notum við minnst 90% – að frádregnum þeim hluta sem nota þarf til tryggðra greiðslna úr tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu – til hagnaðarhlutdeildar tryggingartaka.
- 11.4.3.3 Arðinn sem notaður er til hagnaðarhlutdeildar tryggingartaka leggjum við í varasjóð fyrir iðgjaldsendurgreiðslu (RfB) eða færum hann beint til tekna á einstaka samninga.
- 11.4.3.4 Upphæðirnar sem lagðar eru í varasjóð fyrir iðgjaldsendurgreiðslu (RfB) megum við yfirleitt aðeins nota til hagnaðarhlutdeildar tryggingartaka. Með samþykki eftirlitsyfirvalda getum við í undantekningartilvikum gripið til varasjóðs fyrir iðgjaldsendurgreiðslu hinum tryggðu í hag til að koma í veg fyrir neyðarástand (t.d. til að bæta tap).
- 11.4.4 Úttekt úr baktryggingarvarasjóðnum

Ef fjármagn er tekið úr baktryggingarvarasjóðnum er þávirði þess fært honum til tekna.

11.4.5 Eftirlit með baktryggingarvarasjóðnum

Baktryggingarvarasjóðurinn er undir eftirliti óháðs fjárhaldsmanns.

11.5 Breytingar ákvæða um hagnaðarhlutdeild.

Um breytingar ákvæða um hagnaðarhlutdeild gildir töluliður 24.6 eftir því sem við á.

12 (fellur burt)

13 Hvenær og hvernig verður tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu breytt í iðgjaldsfría tryggingu?

13.1 Forsendur fyrir breytingu

Ef iðgjaldsgreiðslu lýkur fyrir umsamda lífeyrisgreiðslubyrjun vegna þess að

- þú hefur samið um það við okkur eða
 - slysatryggingunni lýkur vegna tryggingarvanhæfni samkvæmt tölulið 4.2 eða
 - slysatryggingunni var sagt upp
- og þú hefur greitt iðgjöld fyrir meira en eitt tryggingarár breytum við tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu í iðgjaldsfría tryggingu, annars lýkur tryggðu iðgjaldsendurgreiðslunni án kröfu.

13.2 Hæð iðgjaldsfrírrar tryggingar

Hafir þú greitt iðgjöld fyrir minnst þrjú tryggingarár helst áunnin endurgreiðslukrafa sem andlátsupphæð; áður er ekki tekið tillit til endurgreiðslukröfu fyrsta tryggingarársins – nema slysatryggingunni hafi lokið vegna tryggingarvanhæfni samkvæmt tölulið 4.2. Umsaminn lífeyrir við lifun er lækkaður í hlutfalli andlátsupphæðar iðgjaldsfríu tryggingarinnar við áunna endurgreiðslukröfu við umsamda lífeyrisgreiðslubyrjun án uppsagnar.

Nánari upplýsingar um greiðslur úr iðgjaldsfríu tryggingunni og einnig um ókosti sem fylgja því að hætta iðgjaldsgreiðslum á fyrstu þremur árunum getur þú fengið í yfirliti um greiðslur úr iðgjaldsendurgreiðslunni sem er í tryggingarskírteininu þínu.

13.3 Reglur varðandi lágur upphæðir

Ef andlátsupphæð iðgjaldsfríu tryggingarinnar samkvæmt tölulið 13.2. er lægri upphæð en 1000 EUR helst samningurinn ekki áfram heldur eru kröfurnar greiddar með útborgun endurkaupvirðisins samkvæmt tölulið 14.

14 Hvenær og í hvaða hæð getur þú krafist endurkaupvirðis úr tryggðu iðgjaldsendurgreiðslunni?

14.1 Forsendur fyrir útborgun endurkaupvirðisins

Þú getur aðeins krafist útborgunar endurkaupvirðisins til loka sparnaðarskeiðsins og aðeins ef tryggðu iðgjaldsendurgreiðslunni hefur áður þegar verið breytt í iðgjaldsfría tryggingu (sjá um það tölulið 13.1). Með útborgun endurkaupvirðisins eru kröfur sem falla fyrst í gjalddaga við lifun eða fráfall greiddar fyrir tímunn; hlutagreiðsla er möguleg ef óskað er.

14.2 Hæð endurkaupvirðisins

Endurkaupvirðið er reiknað út eftir viðurkenndum reglum tryggingafræðinnar sem þávirði iðgjaldsfríu tryggingarinnar, með frádrætti sem nemur 4% þávirðis. Þessi

frádráttur fellur niður ef slysatryggingunni var lokið vegna tryggingarvanhæfni samkvæmt tölulíð 4.2. Við útreikning þávirðisins er byggt á tryggðri ávöxtun við iðgjaldáútreikning. Þessa tryggðu ávöxtun og endurkaupsvirðið tilgreinum við í tryggingarskírteininu.

Útborgun endurkaupsvirðisins hefur ókosti í för með sér. Endurkaupsvirðið er lægra en áunnin endurgreiðslukrafa. Nánari upplýsingar um hæð endurkaupsvirðisins getur þú fengið í yfirliti um greiðslur úr iðgjaldsendurgreiðslunni sem er í tryggingarskírteininu þínu.

14.3 Áunnar bónuskröfur

Fyrir þegar áunnar bónuskröfur gilda tölulíðir 14.1 og 14.2 eftir því sem við á. Greiðsla fyrir tímenn er aðeins möguleg sameiginlega með endurgreiðslukröfu.

Útborganir úr iðgjaldsendurgreiðslunni

15 Hver fær útborgunina úr iðgjaldsendurgreiðslunni?

15.1 Við lifun og við endurkaup er útborgunin greidd til þín, ef þú hefur ekki samið við okkur um annað.

15.2 Við fráfall er útborgunin greidd til þess einstaklings sem þú hefur í þessu tilfelli tilgreint sem þann tryggingarþega sem á að eignast kröfurnar úr iðgjaldsendurgreiðslunni.

Hafir þú ekki tilgreint neinn tryggingarþega greiðum við til þín eða erfingja þinna.

Hafi þegar verið greidd útborgun úr iðgjaldsendurgreiðslunni skerðist krafa úr iðgjaldsendurgreiðslunni við fráfall sem því nemur.

16 Hvaða merkingu hefur tryggingarskírteinið og hvers ber annars að gæta við útborgun úr iðgjaldsendurgreiðslunni?

16.1.1 Við greiðum endurkaupsvirðið og áunna endurgreiðslukröfu við fráfall eða nýtingu höfuðstólsvalréttar gegn framvísun tryggingarskírteinisins. Við getum talið handhafa tryggingarskírteinisins réttbæran til að taka við greiðslum. En við getum einnig krafist þess að handhafi tryggingarskírteinisins sanni rétt sinn.

Við getum einnig krafist sönnunar fyrir síðustu iðgjaldsgreiðslu.

16.1.2 Ef ekki er hægt að framvísa tryggingarskírteininu verður kröfuhafinn að leggja fram aðra sönnun fyrir rétti sínum.

16.2 Fráfall hins iðgjaldsendurgreiðslutryggða skal tilkynna okkur tafarlaust. Þá ber að afhenda okkur opinbert dánarvottorð. Við fráfall af slysförum ber að auki að fara eftir tölulíð 7.5.

Samningstímenn

17 Fyrir hve langan tíma gildir samningurinn?

17.1 Þú gerir tryggingarsamninginn við okkur fyrir tímenn frá upphafi samningstímans til fráfalls hins iðgjaldsendurgreiðslutryggða.

17.2 Hægt er að semja um að tímalengd slysatryggingarinnar og iðgjaldagreiðslutímenn komi ekki heim við tímalengd sparnaðarskeiðsins.

18 Hvenær hefst tryggingarverndin?

Tryggingarverndin hefst á þeim tíma sem tilgreindur er í tryggingarskírteininu ef þú greiðir fyrsta eða einstakt iðgjald á réttum tíma í skilningi töluliðs 24.2.1.

19 Hvenær lýkur tryggingarsamningstímanum?

Tryggingarsamningum lýkur

- við fráfall hins iðgjaldsendurgreiðslutryggða
- við umsamda lífeyrisgreiðslubyrjun ef höfuðstólsvalréttur er nýttur
- ef slysatryggingunni var lokið með samkomulagi eða uppsögn á sparnaðarskeiðinu og ef kröfurnar úr iðgjaldsendurgreiðslunni voru auk þess greiddar með útborgun endurkaupsvirðisins fyrir tímann

20 Hvenær lýkur slysatryggingunni?

20.1 Slysatryggingunni lýkur á umsömdum tíma, í síðasta lagi við umsamda lífeyrisgreiðslubyrjun.

20.2 Einnig er hægt að ljúka henni fyrir með skriflegri uppsögn:

af þinni hálfu við lok tryggingarársins; uppsögnin verður að hafa borist okkur í síðasta lagi þremur mánuðum fyrir þann tíma;

af okkar hálfu, ef þú ert í vanskilum með framhaldsiðgjald samkvæmt tölulið 24.3.4.

20.3 Henni lýkur ennig ef hinn tryggði er ekki lengur tryggingarhæfur (töluliður 4.1)

21 Hvenær er hægt að segja upp slysatryggingunni eftir tryggingamál?

Þú eða við getum lokið slysatryggingunni með uppsögn ef við höfum innt greiðslu af hendi eða þú hefur höfðað mál gegn okkur til greiðslu á bótakröfu.

Uppsögnin verður að hafa borist þér eða okkur í síðasta lagi einum mánuði eftir bótageiðslu eða – ef um málarekstur er að ræða – eftir að kæra er dregin til baka, krafa viðurkennd, sátt hefur náðst eða dómur hefur tekið gildi.

Ef þú segir upp tekur uppsögnin gildi jafnskjótt og hún hefur borist okkur. Þú getur þó ákveðið að uppsögnin taki gildi síðar en þó í síðasta lagi í lok yfirstandandi tryggingarárs.

Uppsögn af okkar hálfu tekur gildi einum mánuði eftir að hún hefur borist þér.

22 Hvað gerist ef slysatryggingunni er lokið fyrir lok samningstímans?

22.1 Ef slysatryggingunni er lokið samkvæmt tölulið 20 eða tölulið 21 lýkur einnig iðgjaldsgreiðslu á sama tíma.

22.2 Ákvæði um það hvenær og hvernig tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu er breytt í iðgjaldsfría tryggingu eru í tölulið 13.

23 Hvað gerist í hernaði?

23.1 Tryggingarvernd hins tryggða í slysatryggingunni verður óvirk jafnskjótt og hann hefur þjónustu í her eða álíka stofnun sem tekur þátt í stríði eða hernaði milli landanna Bandaríkjanna, Frakklands, Japans, Kína, Rússlands, Stóra-Bretlands eða Þýskalands. Tryggingarverndin verður aftur virk um leið og okkur hefur borist tilkynning um að þjónustunni sé lokið.

- 23.2 Tryggða iðgjaldsendurgreiðslan helst áfram iðgjaldsfri með áunninni endurgreiðslukröfu svo lengi sem tryggingarverndin í slysatryggingunni er óvirk. Umsamin lífeyrisgreiðslubyrjun frestast um þann tíma sem hún er óvirk. Ef hinn tryggði fellur frá á þessum tíma er í stað endurgreiðslukröfunnar greitt þávirði iðgjaldsfriu tryggingarinnar reiknað eftir viðurkenndum reglum tryggingafræðinnar. Bætur við alvarleg slys á endurgreiðsluskeiðinu falla niður á þessum tíma.

Tryggingariðgjald

24 Hvers þarft þú að gæta við iðgjaldsgreiðslu? Hvað gerist ef þú greiðir ekki iðgjald á réttum tíma? Hvernig og með hvaða skilyrðum er hægt að ákvarða iðgjaldið að nýju?

- 24.1 Iðgjald og tryggingarskattur.
- Í iðgjaldinu, sem fært er þér til gjalda, er innifalinn tryggingarskattur sem ákveðinn er með lögum og þér ber að greiða.
- 24.2 Greiðsla og afleiðingar greiðsluseinkunar / fyrsta eða einstakt iðgjald.
- 24.2.1 Gjaldalagi og réttur greiðslutími.
- Fyrsta eða einstakt iðgjald fellur í gjaldalagi – ef annað er ekki umsamið – strax eftir gerð sammingsins. Greiðslan telst innt af hendi á réttum tíma ef hún fer fram tafarlaust eftir viðtöku tryggingarskírteinisins og greiðsluáskorunarinnar, svo og eftir lok 14 daga andmælafrests sem tilgreindur er í tryggingarskírteininu.
- Ef samið er um greiðslu ársiðgjalds með afborgunum gildir aðeins fyrsta afborgun fyrsta ársiðgjalds sem fyrsta iðgjald.
- 24.2.2 Tryggingarvernd byrjar seinna.
- Ef þú greiðir ekki fyrsta eða einstakt iðgjald á réttum tíma, heldur seinna, gildir tryggingarverndin fyrst frá þeim tíma.
- 24.2.3 Riftun.
- Ef þú greiðir fyrsta eða einstakt iðgjald ekki á réttum tíma getum við rift sammingnum svo lengi sem iðgjaldið er ógreitt. Það telst riftun ef við berum ekki fram kröfu um fyrsta eða einstakt iðgjald fyrir rétti innan þriggja mánaða frá gerð sammingsins.
- 24.3 Greiðsla og afleiðingar greiðsluseinkunar / framhaldiðgjald.
- 24.3.1 Gjaldalagi og réttur greiðslutími.
- Framhaldiðgjöld falla í gjaldalagi, ef annað er ekki umsamið, fyrsta hvers mánaðar á umsömdum iðgjaldsgreiðslutíma.
- Greiðslan telst innt af hendi á réttum tíma ef hún fer fram á þeim tíma sem tilgreindur er í tryggingarskírteininu eða á iðgjaldsreikningnum.
- 24.3.2 Vanskil.
- Ef framhaldiðgjald er ekki greitt á réttum tíma ert þú komin í vanskil, án innheimtu, nema þú berir ekki ábyrgð á seinkun greiðslunnar.

Við sendum þér skriflega greiðsluáskorun og veitum þér að minnsta kosti tveggja vikna greiðslufrest.

Við höfum rétt til þess að krefjast bóta fyrir tjón sem við verðum fyrir vegna vanskilanna.

24.3.3 Engin tryggingarvernd.

Ef þú ert enn í vanskilum með greiðsluna eftir lok þessa greiðslufrests gildir engin tryggingarvernd frá þeim tíma uns greiðsla hefur farið fram, ef þér hafði verið bent á það með greiðsluáskoruninni samkvæmt tölulið 24.3.2, málsgrein 2.

24.3.4 Uppsögn.

Ef þú ert enn í vanskilum með greiðsluna eftir lok þessa greiðslufrests getum við sagt samningnum upp, ef við höfum bent þér á það með greiðsluáskoruninni samkvæmt tölulið 24.3.2, málsgrein 2.

Ef við höfum sagt upp og þú greiðir síðan innan eins mánaðar iðgjaldið, sem rukkað var, gildir samningurinn áfram. Fyrir bótamál sem koma upp milli þess að uppsögnin berst og greiðslan kemur inn gildir þó engin tryggingarvernd.

24.4 Réttur greiðslutími með skuldfærslubeiðni.

Ef samið er um að iðgjaldið sé skuldfært af reikningi telst greiðslan innt af hendi á réttum tíma ef hægt er að skuldfæra iðgjaldið á þeim gjalddaga sem tilgreindur er í tryggingarskráttíminu og þú andmælir ekki réttmætri skuldfærslu.

Ef við höfum ekki getað skuldfært gjaldfallið iðgjald, án þess að þú eigir sök á því, telst greiðslan þá líka innt af hendi á réttum tíma ef hún fer fram tafarlaust eftir að við höfum krafist hennar skriflega.

Berir þú ábyrgð á því að ekki er hægt að skuldfæra iðgjaldið höfum við rétt til að krefjast þess að greiðsla fari framvegs fram utan skuldfærslukerfisins.

24.5 Afborganir og afleiðingar greiðsluseinkunar.

Ef samið er um greiðslu ársiðgjalds með afborgunum falla allar afborganir í gjalddaga ef þú lendir í vanskilum með eina afborgun.

Ennfremur getum við framvegis krafist árlegrar iðgjaldsgreiðslu.

24.6 Ákvörðun iðgjalds að nýju.

Við höfum rétt til þess að ákvarða iðgjaldið að nýju
- ef breyting hefur orðið frá tæknilegum útreikningaforsendum og iðgjaldi sem er reiknað samkvæmt þeim á þörfinni fyrir fullnustu greiðslu úr iðgjaldsendurgreiðslunni og
- ef þessi breyting var ekki fyrirsjáanleg og verður ekki talin tímabundin.

Endurákvörðun er aðeins leyfileg ef
- hún telst nauðsynleg til að tryggja varanlega fullnustu greiðslu úr iðgjaldsendurgreiðslunni og
- óháður fjárhaldsmaður hefur kannað útreikningsforsendurnar og aðrar forsendur fyrir breytingunni og staðfest að hún sé hæfileg.

Iðgjaldið er þá ákvarðað að nýju samkvæmt leiðréttum útreikningsforsendum.

Önnur ákvæði

25

Hvernig er tekið tillit til sammingsgerðarkostnaðar við samning þinn?

Gerð tryggingarsamninga hefur kostnað í för með sér. Þessi svonefndi sammingskostnaður hefur þegar verið tekinn með í reikninginn við útreikning iðgjalda og er því ekki gjaldfærður sérstaklega.

Kostnaður sem verður við sammingsbyrjun er greiddur með iðgjöldunum á samningstímanum. Millifærsluaðferðin sem tilgreind er í § 4 í Bótasjóðsreglugerðinni (Zillmeraðferð) er einnig notuð við samning þinn.

Fjárhagslega hefur þetta í för með sér að fyrstu árin er engin eða skert upphæð fyrir hendi í iðgjaldsfríu tryggingunni og þar með líka ekkert eða skert endurkaupsvirði. Nánari upplýsingar um þetta færðu undir tölulið 13.2 og tölulið 14.2 og í yfirliti um greiðslur úr iðgjaldsendurgreiðslunni í tryggingarskírteininu þínu.

26

Hvernig er réttarstaða sammingsaðila innbyrðis?

26.1

Ef tryggingin er tekin gegn slysum sem annar verður fyrir (trygging annars aðila) hefur þú en ekki hinn tryggði réttinn til að nýta réttindin samkvæmt samningnum. Ásamt hinum tryggða ert þú ábyrgur fyrir að skyldur séu uppfylltar.

26.2

Öllum ákvæðum, sem gilda fyrir þig, ber að beita við löglegan arftaka þinn og aðra kröfuhafa eftir því sem við á.

26.3

Kröfur úr slysatryggingunni og úr iðgjaldsendurgreiðslunni er hvorki hægt að framselja né veðsetja án samþykkis okkar.

26.4

Veiting og afturköllun bótaþegaréttar gilda hvað okkur varðar aðeins og fyrst þá ef þú hefur tilkynnt okkur um það skriflega í lifanda lífi.

27

Hvað merkir tilkynningaskylda fyrir sammingsgerð?

27.1

Fullkomnar og réttar upplýsingar um aðstæður sem skipta máli fyrir hættumat.

Þér eða umboðsmanni þínum ber skylda til þess við gerð sammingsins að tilkynna okkur um allar aðstæður, sem þér eru kunnar og skipta máli fyrir hættumat, skriflega, sannleikanum samkvæmt og undandrátarlaust og einkum að svara öllum spurningum í tryggingarumsókninni á þann hátt. Þær aðstæður skipta máli fyrir hættumat sem eru til þess fallnar að hafa áhrif á ákvörðun okkar um að gera samninginn yfirleitt eða með umsömdu efni. Aðstæður sem við höfum spurt um beint og skriflega teljast skipta máli fyrir hættumat ef um vafa er að ræða.

Ásamt þér er hinn tryggði ábyrgur fyrir því að tilkynnt sé sannleikanum samkvæmt og undandrátarlaust um aðstæður, sem skipta máli fyrir hættumat, og að spurningum, sem beint er til þín, sé svarað á sama hátt.

Ef samningurinn er gerður af umboðsmanni þínum eða fulltrúa án umboðsvalds og hann veit um aðstæður, sem skipta máli fyrir hættumat, verður þú að láta koma þannig fram við þig eins og þú hefðir haft vitneskju um þær eða þagað um þær á sviksamlegan hátt.

27.2

Riftun.

27.2.1

Forsendur og framkvæmd riftunar.

Ófullkomnar og rangar upplýsingar um aðstæður, sem skipta máli fyrir hættumat, veita okkur rétt til þess að rifta tryggingarsamningnum. Það gildir einnig ef aðstæður eru ekki eða ranglega tilgreindar af því að þú hefur á sviksamlegan hátt forðast að kynna þér sannleikann.

Riftunin getur aðeins farið fram innan eins mánaðar. Fresturinn hefst með þeim tíma þegar við fáum vitneskju um brot gegn tilkynningaskyldunni. Riftunin fer fram með yfirlýsingu til þín.

27.2.2 Útilokun riftunarréttis.

Við höfum engan riftunarrétt ef við höfðum vitneskju um hinar ótilgreindu eða ranglega tilgreindu aðstæður sem skipta máli fyrir hættumat.

Það sama gildir ef þú sannar að hvorki þú né umboðsmaður þinn hafi gefið hinar röngu eða ófullkomnu upplýsingar á saknæman hátt.

Ef þú áttir að tilgreina aðstæður, sem skipta máli fyrir hættumat, samkvæmt skriflegum spurningum okkar getum við þá aðeins rift vegna ótilgreindra aðstæðna, sem ekki var beinlínis spurt um, ef þú eða umboðsmaður þinn þögðuð um þær á sviksamlegan hátt.

27.2.3 Afleiðingar riftunar.

Komi til riftunar fellur tryggingarverndin niður.

Ef þegar hefur komið til bótamáls megum við ekki neita um tryggingarvernd ef þú sannar að hinar ótilgreindu eða ranglega tilgreindu aðstæður hefðu hvorki haft áhrif á að til bótaskyldu kom né á umfang bótanna.

Komi til riftunar er okkur og þér skylt að endurgreiða móttekna greiðslur; greiða ber vexti af fjárhæð frá móttöku.

Úr iðgjaldsendurgreiðslunni færð þú endurkaupsvirðið sem reiknað er út á riftunartímanum (töluliður 14.1). Þú getur ekki krafist endurgreiðslu iðgjalda sem greidd voru þangað til.

27.3 Upphæðalækkun eða uppsagnarréttur.

Ef riftunarréttur okkar er útilokaður vegna þess að brotið gegn tilkynningaskyldu þinni var ekki saknæmt og lægri tryggingarupphæðir eru hæfilegar með sama iðgjaldi vegna aukinnar áhættu gilda þessar lægri upphæðir frá því að vitneskjan berst okkur. Það sama gildir ef okkur var ekki við gerð samningsins greint frá aðstæðum sem skipta máli við að taka áhættuna vegna þess að þær voru þér ókunnar.

Ef ekki er unnt að taka aukna áhættu samkvæmt grundvallarreglum fyrirtækis okkar þótt iðgjaldið sé hækkað getum við sagt tryggingarsamningnum upp með eins mánaðar uppsagnarfresti frá því að við fengum vitneskju um brotið gegn tilkynningaskyldunni. Uppsögnin tekur gildi einum mánuði eftir að hún hefur borist til þín.

Rétturinn til upphæðalækkunar eða uppsagnar fellur niður ef hann er ekki nýttur innan eins mánaðar frá þeim tíma þegar við fengum vitneskju um brot gegn tilkynningaskyldunni eða aðstæður sem ekki voru tilgreindar.

27.4 Véfenging.

Réttur okkar til að véfengja samninginn vegna sviksamlegra blekkinga um áhættuaðstæður helst óhaggaður.

28 Hvernig geturðu forðast að kröfur í slysatryggingunni tapist?

28.1 Þú átt enga kröfu til tryggingarverndar ef þú heldur bótakröfunni ekki fram fyrir dómi innan sex mánaða.

28.2 Fresturinn hefst þegar þér berst skrifleg höfnun okkar. Að virða ekki frestinn hefur þá aðeins lagaleg áhrif ef við höfum í bréfi okkar bent á nauðsyn þess að halda kröfunni fram fyrir dómi innan réttis frests.

29 Hvenær fyrnast kröfur samkvæmt samningnum?

29.1 Kröfur úr slysatryggingunni fyrnast á tveimur árum. Kröfur úr iðgjaldsendurgreiðslunni fyrnast á fimm árum. Fresturinn hefst með lokum ársins þegar hægt er að gera bótakröfurnar.

29.2 Ef þú hefur tilkynnt okkur um kröfu telst tíminn frá tilkynningunni þangað til skriflegur úrskurður okkar berst ekki með við útreikning frestsins.

30 Hvaða dómstóll hefur lögsögu?

30.1 Hvaða dómstóll hefur lögsögu um kærur gegn okkur vegna tryggingarsamningsins ákvarðast af aðsetri okkar eða því útibúi okkar sem sá um tryggingarsamninginn. Ef tryggingaumboðsmaður hefur unnið að gerð samningsins fellur lögsagan einnig undir dómstól á þeim stað þar sem tryggingaumboðsmaðurinn hafði skrifstofu sína þegar samningsgerðin eða miðlunin fór fram eða, ef hann hafði enga, þar sem hann hafði lögheimili.

30.2 Við getum lagt fram kröfur gegn þér við dómstólinn sem hefur lögsögu þar sem þú átt lögheimili.

31 Hvers ber að gæta við tilkynningar til okkar? Hvað gildir um breytingar á pósthfangi þínu?

31.1 Allar tilkynningar og yfirlýsingar, sem eru ætlaðar okkur, verður þú að afhenda skriflega. Þær skal senda til aðalstöðva okkar eða til þeirra hlutaðeigandi útibúa sem tilgreind eru í tryggingarskírteininu eða viðbótum við það.

31.2 Ef þú hefur ekki tilkynnt okkur um breytingu á pósthfangi þínu nægir að senda viljayfirlýsingu, sem þér er ætluð, í ábyrgðarbréfi á það heimilisfang þitt sem okkur var síðast kunnugt. Yfirlýsing okkar öðlast gildi á þeim tíma þegar hún hefur borist þér með reglulegum bréfburði án breytingar pósthfangs.

32 Hvaða lög gilda?

Um þennan samning gilda þýsk lög.

33 Yfir hvaða greiðslur nær tímareikningur þinn við atvinnuleysi eða óvinnufærni?

33.1 Forsendur

Þú ert

- lengur en sex vikur frá vinnu vegna veikinda eða þú ert á atvinnuleysisbótum og
- slysatryggingarvernd var í gildi þegar tilkynning barst um óvinnufærni þína eða atvinnuleysi og
- samningur þinn hafði á þeim tíma verið í gildi í minnst tólf mánuði og
- þú varst ekki orðin(n) fullra 65 ára og
- ert ekki komin(n) fram yfir hámarkstímalengd tímareiknings þíns (sjá tölulíð 33.2.2).

33.2 Greiðslur

33.2.1 Iðgjaldsfrí slysatrygging

Ef þú sækir um það verður slysátryggingarvernd þinni haldið áfram í takmarkaðan tíma án frekari iðgjaldsgreiðslu í sama umfangi og áður (iðgjaldsfrí slysátrygging). Þú færð tilboð um iðgjaldsfría slysátryggingu. Óvinnufærni þín eða atvinnuleysi og hvenær það ástand hófst skal staðfest með undirskrift þinni. Við höfum rétt til þess að krefjast viðeigandi sönnunar af þér. Ef gefnar eru rangar upplýsingar gildir engin iðgjaldsfrí slysátryggingarvernd innan ramma tíma reikningsins.

33.2.2 Tímareikningur

Á samningstímanum getur þú margsinnis gert tilkall til iðgjaldsfrírrar slysátryggingar, samtals í allt að 24 mánuði. Hún er þér til ráðstöfunar í allt að sex mánuði fyrir hvert bótamál og allt að tólf mánuði ef samningur þinn hefur verið minnst þrjú ár í gildi.

33.3 Byrjun iðgjaldsfríu slysátryggingarinnar

Iðgjaldsfría slysátryggingin hefst með næsta iðgjaldsgjalddaga eftir tilkynningu þína þar sem iðgjald hefur ekki verið greitt. Á gildistíma iðgjaldsfríu slysátryggingarinnar ber ekki að greiða nein iðgjöld.

33.4 Lok iðgjaldsfríu slysátryggingarinnar

Iðgjaldsfríu slysátryggingunni lýkur á næsta gjalddaga eftir að óvinnufærni þinni eða atvinnuleysi lýkur, í síðasta lagi við lok frestanna sem tilgreindir eru í tölulið 33.2.2. Iðgjaldsgreiðsluskýldan verður aftur virk þegar iðgjaldsfríu slysátryggingunni lýkur; þess vegna verður þú að tilkynna okkur um lok óvinnufærni þinnar eða atvinnuleysis.

33.5 Áhrif á greiðslur iðgjaldsendurgreiðslunnar

Iðgjaldsendurgreiðsla við fráfall gegnum áunna endurgreiðslukröfu helst í gildi. Allar tímasetningar sem tilgreindar eru í yfirlitinu um greiðslur úr iðgjaldsendurgreiðslunni frestast um gildistíma iðgjaldsfríu slysátryggingarinnar.

34 Hvaða sérstakar reglur gilda um tilteknar gjaldskrár?

Um slysátryggingu með tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu fyrir ungt fólk samkvæmt gjaldskrá III J og fyrir fullorðna samkvæmt gjaldskrá III FM og einnig fyrir slysalífeyrisgreiðslu (Unfallrente) með tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu gilda sérstök ákvæði.

34.1 Eiginfjármögnun.

34.1.1 Forsendur.

Á iðgjaldsgreiðslutímanum verður hinn tryggði fyrir slysi sem samkvæmt ákvæðum í töluliðum 2.1.1 og 2.1.2.2. og samkvæmt tölulið 3 leiðir til örorku sem nemur minnst

- 70% fyrir lok 25. aldursárs
- 80% fyrir lok 50. aldursárs
- 90% frá lokum 50. aldursárs

og slysátryggingarvernd er í gildi á þeim tíma þegar slysið verður.

34.1.2 Greiðslur.

34.1.2.1 Lok iðgjaldsgreiðslu

Iðgjaldsgreiðslu lýkur frá næsta iðgjaldsgjalddaga eftir slysdaginn.

34.1.2.2 Iðgjaldsendurgreiðsla

Kröfurnar úr iðgjaldsendurgreiðslunni þróast áfram fram að umsaminni lífeyrisgreiðslubyrjun eins og iðgjöldin væru greidd eins og umsamíð var.

34.1.2.3 Slysaftryggingarvernd

Við höldum slysaftryggingunni áfram til umsamins tíma í sömu hæð og fyrir nema hinn tryggði sé ekki tryggingarhæfur samkvæmt tölulíð 4.1

35 Hvernig og á hvaða forsendum er hægt að aðlaga skilmála?

35.1 Við höfum rétt til þess að breyta viðkomandi skilmálum, bæta við þá eða setja aðra í stað þeirra (aðlögun) við

- breytingu á gildandi lagareglum eða gildistöku nýrra lagareglna sem hafa bein áhrif á einstök ákvæði samningsins;
- breytingar á dómgæslu á æðsta dómstigi sem snerta tryggingarsamninginn;
- löglega bindandi úrskurð dómstóls um ógildingu einstakra skilmála;
- andmæli tryggingaefirlits eða samkeppnisstofnunar með gildri stjórnvísuáðgerð gegn einstökum skilmálum þar sem þeir samrýmist ekki gildandi lögum eða
- brot einstakra skilmála gegn viðmiðunarreglum eða umburðarbréfum tryggingaefirlits eða samkeppnisstofnunar.

35.2 Aðlögun kemur aðeins til greina fyrir skilmála um viðfang og umfang tryggingar, útilokanir, skyldur þínar eftir samningsgerð, iðgjaldsaðlögun, samningstíma og uppsögn.

35.3 Aðlögun er aðeins leyfileg ef ofanefndar breytingarástæður valda verulegri truflun á því hlutfalli framlags og mótfamlags sem byggt var á við samningsgerð. Ef um ógildingu eða andmæli gegn einstökum skilmálum er að ræða er aðlögunin auk þess aðeins leyfileg ef í lagafyrirmælunum felast engar reglur sem koma í stað skilmálanna sem voru ógiltir eða var andmælt.

35.4 Með aðlöguninni má hlutfallið milli framlags og mótfamlags sem byggt var á við samningsgerð ekki breytast þér í óhag þegar litið er á aðlögunina í heild (skerðingarbann). Aðlögunin verður að fara fram eftir meginreglum heildrænnar samningstúlkunar þar sem gætt er hagsmuna beggja aðila.

35.5 Aðlögunarréttur okkar gildir með áður nefndum skilyrðum um skilmála með sama meginefni ef úrskurðir dómstóla og yfirvalda beinast gegn öðrum tryggjendum.

35.6 Óháður fjárhaldsmaður verður að kanna og staðfesta að aðlögun sé leyfileg og hæfileg. Ákvæði tryggingaefirlitslaga um skipun fjárhaldsmanns gilda eftir því sem við á.

35.7 Við kynnum þér aðlagaða skilmála skriflega og skýrum þá. Þeir teljast samþykktir ef þú andmælir ekki skriflega innan sex vikna eftir kynninguna. Við kynninguna bendum við þér skýrt á það. Til að virða frestinn nægir að senda andmælin í tæka tíð.

35.8 **Ef þú andmælir innan tilgreinds frests tekur aðlögunin ekki gildi. Innan fjögurra vikna eftir að andmælin berast getum við sagt upp slysaftryggingunni með átta vikna fyrirvara í lok hvaða mánaðar sem er, ef það er óaðgengilegt fyrir okkur að halda áfram með samninginn án aðlögunar. Ákvæði um það hvenær og hvernig tryggðu iðgjaldsendurgreiðslunni er breytt í iðgjaldsfría tryggingu eru í tölulíð 13.**

Sérstakir skilmálar um viðbótargreiðslur í slysatryggingu með tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu (BB Allianz AB UPR 2000)

Ef tryggðar eru örorkubætur samkvæmt tölulíð 2.1 í Allianz AB UPR 2000 greiðum við viðbótargreiðslur sem lýst er hér á eftir án viðbótariðgjalds.

Ef í gildi er fleiri en ein slysatrygging fyrir hinn tryggða hjá Allianz tryggingarfélaginu hf, Bayerische Versicherungsbank AG og Frankfurter Versicherungs-AG er aðeins hægt að krefjast viðbótargreiðslna úr einum þessara samninga.

1 Lýtaaðgerðir.

1.1 Forsendur fyrir greiðslum:

1.1.1 Hinn tryggði hefur gengist undir lýtaaðgerð eftir slys sem fellur undir tryggingarverndina.

Sem lýtaaðgerð telst lækni meðferð eftir lok lækningameðferðar í þeim tilgangi að bæta úr útlitsgöllum hins tryggða af völdum slyssins.

1.1.2 Lýtaaðgerðin fer fram innan þriggja ára eftir slysið, við slys á ólögráða einstaklingum fyrir lok 21. aldursárs.

1.1.3 Þriðji aðli er ekki bótaskyldur eða neitar bótaskyldu sinni.

1.2 Tegund og hæð greiðslu.

1.2.1 Við greiðum samtals bætur allt að hæð umsaminnar tryggingarupphæðar fyrir sannaðan

- lækni kostnað og annan aðgerðarkostnað
- nauðsynlegan kostnað fyrir dvöl og fæði á sjúkrahúsi.

1.2.2 Við greiðum ekki bætur fyrir tannviðgerðir og gervitennur.

2. Björgunarkostnaður.

2.1. Tegund greiðslu.

2.1.1 Eftir slys sem fellur undir tryggingarverndina bætum við fyrir kostnað við leitar- eða björgunaraðgerðir björgunarsveita sem skipulagðar eru af hinu opinbera eða einkaaðilum ef vanalegt er að taka gjald fyrir þær.

Þennan kostnað bætum við líka ef slysið var beinlínis yfir vofandi eða aðstæður bentu í raun til að það yrði.

2.1.2 Við bætum kostnað við flutning hins slasaða að fyrirmælum lækni á sjúkrahús eða sérhæft sjúkrahús.

2.1.3 Við bætum aukakostnað við heimferð hins slasaða þangað sem hann býr að staðaldri, ef aukakostnaðurinn hlýst af fyrirmælum lækni eða var óumflýjanlegur vegna eðlis meiðslanna.

2.1.4 Við fráfall af slysförum bætum við kostnað við flutning þangað sem hinn látni bjó síðast að staðaldri.

- 2.2 Hæð greiðslu.
- 2.2.1 Hæð greiðslna er samtals takmörkuð við þá upphæð sem tilgreind er í tryggingarskránnu.
- 2.2.2 Ef annar bótaskyldur aðili kemur til bætum við aðeins þann kostnað sem eftir verður.

3 Fjölskyldubætur.

- 3.1 Tegund og forsendur greiðslu.
- 3.1.1 Á gildistíma slysatryggingarverndarinnar bjóðum við tryggingarvernd fyrir maka og eigin börn sem bætast í fjölskyldu hins tryggða á tímabili sem nemur þremur mánuðum í senn frá giftingu eða fæðingu.
- 3.1.2 Ef þú tilkynnir okkur um giftinguna eða fæðinguna innan þriggja mánaða tímabilsins framlengist tryggingarverndin fyrir nýja fjölskyldumeðlimi um þrjú mánuði fyrir maka og um níu mánuði fyrir börn.
- 3.1.3 Fyrir tryggingarvernd fjölskyldubóta gilda ákvæði Allianz AB UPR 2000; töluliður 2.1.2.3 (fimmfaldar örorkubætur) gildir ekki.
- 3.2. Hæð greiðslu.
- 3.2.1 Tryggingarupphæðir fyrir fjölskyldubætur fyrir hvern einstakling sem bætist við nema
60.000 EUR fyrir örorku
12.000 EUR við fráfall maka og
6.000 EUR við fráfall barns.